
Gabriel
HÖGGDEYFAR
STERKIR, ÖRUGGIR, ÓDÝRIR!
HÁBERG
SKEIFUNNI 5A. SÍMI: 91-81 47 88

DANSLÍNA
Huldu og Loga
Þarabakka 3
BARNADANSAR
SAMKVÆMISDANSAR
SUÐUR-AMERÍSKIR DANSAR
GÖMLU DANSARNIR
ROCK - TJÚTT
Tökum að okkur kennslu úti á landi.
DANS - frábær skemmtun fyrir alla!
BÖRN - UNGLINGAR - FULLORÐNIR
Sér tímar fyrir hópa!
Hentugt fyrir vinnufélaga og klúbba
SYSTKINAAFSLÁTTUR
FJÖLSKYLDUAFSLÁTTUR
HÓPAFSLÁTTUR
DÖNSUM Í MJÓDDINNI
Innritun í síma 71200 milli kl. 13-19.



Verk eftir Antoni Tapies.

Tapiessafnið í Barcelona

Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson

Fyrir þremur árum var opnað safn kennt við hinn kunna katalónska listmálara Antoni Tapies í Barcelona. Safnið er að stofni til gjöf Tapies og konu hans á úrvali verka listamannsins frá 1947 og fram til þessa. Því er þó jafnframt ætlað að kynna og efna til sýninga á áhugaverðri erlendri samtímalist. Þar er ennfremur yfirgripsmikið bókasafn, en gestkomandi skyldu athuga að þar þarf að panta tíma til að fá að tylla sér með bók í hönd. Í bókasafninu er fjöldi bóka um austræn fræði og asíska list, en Tapies er mikill áhugamaður um Austurlönd. Áhugi hans á austrænni heimspeki birtist t.a.m. í heiti þeirrar sýningar sem nú stendur yfir í Tapiessafninu, „Celebració de la mel" – eða Til dýrðar hunanginu. Það er bein tilvísun í elsta rit Upanisadanna, Brihadaranyaka. Þar er jörðinni lýst sem hunangi mannkyns sem það á að læra að meðhöndla á réttan hátt og læra jafnframt að vera sjálft líkt og hunang. Samsvörunin á ytra borði felst þó fyrst og fremst í notkun listamannsins á fernis sem hann lítur á sem einhvers konar fagurfræðilegan staðgengil hunangs.

Víravirki á þakinu

Tapiessafnið var opnað almenningi fyrir þremur árum og er staðsett nærri miðborg Barcelona, við Carrer Aragó númer 255 – nærri horni hinnar miklu verslunargötu Passeig de Grácia. Byggingin er rúmlega aldargömul og var hönnuð af arkitektinum Lluís Domenech i Montaner fyrir útgáfufyrirtækið Montaner i Simón. Húsið þykir eitt besta dæmið um byggingarsögulega endurnýjun á móderníska skeiðinu í Barcelona, sem náði þó ekki hápunkti fyrr en nokkru síðar með Art noveau-stílnum og meistaraverkum Gaudís. Tapies hefur sjálfur sagt að það sem hafi fyrst og fremst höfðað til hans við bygginguna sé hversu mjög hún líkist hofi, en sú staðreynd að tengdadóttir hans er af Domenech-fjölskyldunni hafi jafnframt haft mikið að segja við val á húsnæði undir safnið. Byggingar með víðfeðma sali liggja aukinheldur ekki á lausu í miðborg Barcelona og Tapies hafði mun meiri áhuga á því að finna bygginu en að reisa nýja. Hið innra er byggingin sem ný; marmaralögð gólf og veggir, enginn íburður en hreinar línur líkt og í byggingum síðustu áratuga. Þannig er hér um að ræða póstmóderníska endurhönnun á innviðum móderníkrar byggingar. Það sem helst vekur eftirtekt, þegar byggingin er skoðuð utan frá, er hinn geysistóri skúlptúr listamannsins, „Ský og stóll". Þar er um að ræða víravirki uppi á þakinu sem er virkilegt augnayndi á síðkvöldum þegar þakið er upplýst. Það er þess virði að borga sig inn á safnið eingöngu til þess að spígspora um á þakinu að kvöldlagi innan um þetta upplýjómaða víravirki Tapies.

Dulspeki og súrrealismi

Tapies hefur sagt að gildi verks felist í þátttöku áhorfandans. Það fólk sem lifi án innri ímynda og skorti ímyndunarafl og nauðsynlegt næmi til að skapa sjálfsprottin hugrenningatengsl muni ekkert sjá.

Dulspeki er mikilvæg forsenda listar Tapies. Skrif katalónska dulspekingsins Ramóns Llulls (1232–1315) hafa haft umtalsverð áhrif á listamanninn. Þannig eru nokkur verk á sýningunni „Til dýrðar hunanginu" *beinar tilvísanir í skýringarmyndir í* „Ars combinandi" Llulls sem byggjast gjarnan upp á formum bókstafanna A, T, V, X, S, R og M. Fyrir sjö árum gaf Tapies út grafíkmöppu sem hann tileinkaði Llull; safn ætinga sem hann hafði unnið að í tíu ár.

Hugmyndin um „ars combinandi", eða samsetta list, hreif jafnframt súrrealista á sínum tíma og leit André Breton á Llull sem mikilvægan sporgöngumann hinnar súrrealísku hugsunar sem tenging tveggja óskyldra hluta átti að geta af sér. Tapies aðhylltist súrrealisma frá því hann fór fyrst að þreifa fyrir sér á listabrautinni í miðju seinna stríði. Árið 1948 komst hann í kynni við skáldin Joan Brossa og Arnau Puig og málarana Ponc, Tharrats og Cuixart. Saman stofnuðu þeir tímaritið Dau al Set sem byggði að talsverðu leyti á súrrealískum hugmyndum. Tapies metur það svo að súrrealismi hafi haft svo greiðan aðgang að spænskum listamönnum sem raun ber vitni vegna þess að í stefnunni fólst ögrun gegn afturhaldssemi kirkju og stjórnmálamanna.

Galdur einfaldleikans

Á sýningunni „Til dýrðar hunanginu" eru níutíuogtvö verk eftir þennan katalónska meistara sem segir að sér fallist oft hendur frammi fyrir auðum striganum. Hann sest að verki snemma morguns á vinnustofunni sem hann hannaði sjálfur á heimili sínu að Carrer Saragossa í Barcelona fyrir um það bil þremur áratugum. Í viðtali við þýska listfræðinginn Barböru Catoir kveðst hann oft sitja ráðþrota frammi fyrir fullkomleika hins ósnerta efniviðar þar til konan sín, Teresa, kalli á sig í mat. Þá renni gjarnan á sig mikill sköpunarhamur og verkinu sé oft lokið á fáeinum andartökum. Antonio Saura skrifaði eitt sinn langa ritgerð um eitt verk eftir Tapies, „Materia del Tiempo", sem hefur einfaldleikann í heiðri og samanstendur af einum pensildrætti og nafni verksins, „Efni tímans". Segja má með sanni að Antoni Tapies sé mun umdeildari sem listamaður en t.a.m. landi hans, Miró. Hann er mun frekar fulltrúi skúmaskotanna og „ljótleikans" en aðrir spænskir listamenn sem náð hafa alþjóðlegri viðurkenningu. Á síðastliðnu ári spunnust t.a.m. um það deilur hvort setja ætti upp stækkaða mynd af fernisvættum ullarsokk sem er verk eftir Tapies frá 1979 og er á yfirstandandi sýningu í Tapiessafninu. Niðurstaðan varð sú að sokkurinn er enn í sinni upprunalegu stærð. Listamaðurinn stendur nú á sjötugu. Á síðustu árum hefur honum hlotnast margvísleg viðurkenning, þ.á m. heiðursdoktorsnafnbætur við háskóla í Barcelona, Mallorca og Glasgow. Þó hefur þessum Austurlandagrúskara vafalaust þótt vænst um að fá í fyrsta skipti tækifæri til að heimsækja Asíulönd í október 1990 þegar honum var veitt Heimsveldisorðan í Tokyo. Þeim sem leið eiga um Barcelona á komandi vikum skal bent á að sýningin „Til dýrðar 3hunanginu" í Tapiessafninu stendur til 5. september.